



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 2. júní, 2009

Ákvörðun nr. 21/2009

Kvörtun Hugarflugs ehf. vegna meintrar mismununar Strætó bs. á útgáfumarkaði leiðakorta

I.

Erindið

Samkeppniseftirlitinu barst erindi frá Hugarflugi ehf. (hér eftir Hugarflug), dags. 8. janúar 2008, sem beindist að Strætó bs. (hér eftir Strætó) og varðaði m.a. meinta mismunun Strætó gagnvart þeim einkaaðilum sem gefa út bæklinga með kortum af leiðakerfum almenningssamgangna og ætluð eru erlendum ferðamönnum. Í erindinu var vísað til ákvæða 14. og 16. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Hugarflug hefur m.a. starfað að gerð og útgáfu leiðakorta, svonefndra „beinlínukorta“, frá árinu 2000.

Í erindi kvartanda kemur fram að það varði óréttmæta samkeppni sem fyrirtækið standi frammi fyrir á útgáfumarkaði leiðakorta fyrir erlenda ferðamenn. Orsakir þeirrar skökku samkeppnisstöðu sé að finna hjá Strætó. Um sé að ræða mismunun Strætó gagnvart þeim einkaaðilum sem gefi út bæklinga með kortum af leiðakerfi almenningssamgangna og ætluð séu erlendum ferðamönnum. Þannig er í erindinu fjallað um meinta niðurgreiðslu Strætó á útgáfu keppinautar Hugarflugs, Auglýsingastofu E. Backman/Vegvísis, á þeim sama markaði. Í erindinu er niðurgreiðslunni lýst með þeim hætti að keppinauturinn fái til eigin afnota allt það kynningarefni sem Strætó hafi látið búa til og hagnýti sér það í sínum samkeppnisrekstri. Gefi þessi mismunun og niðurgreiðsla af hálfu Strætó Auglýsingastofu E. Backman/Vegvísis umtalsvert samkeppnisforskot og valdi skekkingu á samkeppnisstöðu sem bitni á fyrirtæki kvartanda og búi auk þess til aðgangshindrun á markaðinn.

Kvartandi rekur í erindinu útgáfusögu sína á leiðakorti sem sýni akstursleiðir strætisvagna á höfuðborgarvæðinu, svokölluðu „huglægu beinlínukorti“, en slíkt kort gaf fyrirtækið fyrst út árið 2005. Í erindinu kemur fram að Hugarflug hafi gefið strætókort sitt út fjórum sinnum, tvisvar sinnum á íslensku og tvisvar sinnum á ensku og þá undir heitinu „REYKJAVIK BUS MAP“. Auglýsingatekjur hafi að stærstum hluta gert útgáfuna mögulega.

Í erindinu er rakið að frá stofnun byggðasamlagsins Strætó árið 2001 hafi fyrirtækið jafnan gefið út upplýsingabækling, Leiðabók, sem innihaldi bæði tímatöflu og leiðakort. Í bréfinu kemur fram að Strætó hafi frá upphafi átt



viðskipti við Auglýsingastofu Ernst J. Backman varðandi þessa útgáfu. Fram kemur að leiðabók Strætó sé á íslensku, henni sé ekki dreift sérstaklega til erlendra ferðamanna og oftast hafi hún verið seld en ekki dreift ókeypis. Erindi kvartanda beinist ekki að þessari opinberu útgáfu Strætó á leiðabók sinni.

Í bréfi kvartanda segir að auglýsingateiknarinn Ernst J. Backman hafi um margra ára skeið hagnýtt sér til eigin þarfa þann efnivið sem Strætó hafi látið hann gera og keypt af honum. Útgáfa bæklingins „Map of Reykjavík“ sem Ernst J. Backman hafi gefið út á hverju vori í mörg ár í nafni Vegvísis byggir þannig að töluverðu leyti á notkun leiðakorts og tímataflna þeirra sem Strætó hafi þá þegar greitt honum fyrir að útbúa fyrir fyrirtækið. Að mati kvartanda hljóti það að teljast algjört einsdæmi að aðili sem selji opinberu fyrirtæki sérhannaðar lausnir á fullu verði, skuli geta tekið þær sömu lausnir, greiddar af almannafé og nýtt sér þær í eigin hagsmunaskyni á samkeppnismarkaði og fengið jafnvel viðbótargreiðslu fyrir.

Í erindinu kveður kvartandi að leiðakorti Hugarflugs hafi verið vel tekið og þannig hafi reynst talsverður áhugi fyrir því á meðal auglýsenda, einkum hvað varðaði ferðamannaútgáfuna „REYKJAVIK BUS MAP“. Samkeppnin á þeim markaði hafi fyrst um sinn eingöngu verið við áður nefndan bækling Auglýsingastofu E. Backman/Vegvísis „Map of Reykjavík“ en hann innihaldi að mati kvartanda efnivið sem Strætó hafi kostað.

Þá segir að skömmu eftir útgáfu Hugarflugs á „REYKJAVIK BUS MAP“ vorið 2007 hafi komið út bæklingurinn „BUS ROUTE-LEIÐAKORT“ sem dreift hafi verið á sama markaði, þ.e. á meðal ferðamanna. Að mati kvartanda byggir bæklingur þessi, sem merktur er Auglýsingastofu E. Backman, alfarið og eingöngu á þeim efnivið sem Strætó hafði skömmu áður gefið út í nýjustu Leiðabók sinni. Í kjölfarið hafi svo fylgt til viðbótar ný útgáfa Auglýsingastofu E. Backman/Vegvísis á „Map of Reykjavík“ þar sem sama upplýsingaefni frá Strætó hafi einnig verið notað.

Að mati kvartanda er þessi nýja einkaútgáfa auglýsingateiknarans á hinu opinbera upplýsingaefni Strætó gagnkert sett til höfuðs útgáfu Hugarflugs á „REYKJAVIK BUS MAP“.

Kvartandi segir að kjarni erindis síns felist í tveimur atriðum. Annars vegar séu þau leiðakort og tímataflur sem Auglýsingastofa E. Backman/Vegvísir gefi út á eigin vegum í bæklingum sínum búin til á kostnað Strætó og því greidd af almannafé. Hins vegar veiti Strætó Auglýsingastofu E. Backman/Vegvísir óheftan aðgang að öllu upplýsingaefni fyrirtækisins til eigin útgáfu á samkeppnismarkaði en gefi kvartanda ekki viðhlítandi svör um hvort slíkur aðgangur standi jafnframt öðrum útgefendum til boða. Augljóst sé að aðilar sitji ekki við sama borð gagnvart Strætó þrátt fyrir að báðir stundi útgáfu leiðakorta á markaði fyrir erlenda ferðamenn, bæklingum beggja sé dreift ókeypis og innihaldi auglýsingar.

Bent er á að það sé til marks um hversu ójöfn samkeppnisstaðan sé á markaðnum að á meðan Hugarflug þurfi að leita eftir tilstyrk fjölmargra auglýsenda til þess að láta útgáfu sína ganga upp fjárhagslega láti



Auglýsingastofa E. Backman/Vegvísir sér nægja einn auglýsanda, enda kostnaður af gerð efniviðarins greiddur af Strætó. Auglýsingastofa E. Backman/Vegvísir þurfi því eingöngu að bæta við prentkostnaðinum.

Í erindi kvartanda er fjallað nánar um m.a. auglýsingar á markaðnum og þá lögvörðu hagsmuni kvartanda að geta stundað útgáfu- og atvinnustarfsemi sína á samkeppnismarkaði án þess að þurfa að standa í samkeppni við einkaaðila sem njóti fyrirgreiðslu af hálfu opinbers aðila. Þá er í erindi kvartanda ennfremur rakin samskipti kvartanda og Strætó varðandi hugsanlega aðkomu fyrirtækisins að gerð þessara leiðakorta.

Í lok erindis kvartanda er þess óskað að að Samkeppniseftirlitið hlutist til um að Strætó láti af hinni meintu mismunun og komi þannig í veg fyrir einkaafnot Auglýsingastofu E. Backman/Vegvísir, eða annarra útgáfuaðila á samkeppnismarkaði, á því upplýsingaefni sem Strætó hafi látið búa til á sinn kostnað.

II. Málsmeðferð

1.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 5. júní 2008, var Strætó sent erindi Hugarflugs til umsagnar. Svar Strætó barst með bréfi dags. 11. ágúst s.á.

Í svarbréfi Strætó er tekið fram að allar ásakanir kvartanda og aðdróttanir hans gagnvart Strætó séu að engu hafandi enda rangar og með öllu haldlausar. Þá kemur fram í bréfinu, varðandi tilvísun kvartanda til 16. gr. samkeppnislaga, að Strætó hafi ekki gert nokkuð það sem kvartandi haldi fram, geti ekki stýrt með nokkrum hætti starfsemi einkaaðila og geti því ekki komið í veg fyrir samkeppni sem trúfli kvartanda. Ekki verði séð að Samkeppniseftirlitið geti gripið til aðgerða gagnvart Strætó þegar af þeirri ástæðu að Strætó hafi ekki viðhaft neinar athafnir sem hafi eða geti haft skaðleg áhrif á samkeppni í þeim geira sem erindi kvartanda fjalli um.

Fram kemur í bréfi Strætó að engum aðila hafi verið veittur einkaaðgangur eða einkanotkunarréttur á þeim gögnum sem varði leiðakerfi Strætó og gildi hið sama um annað efni, svo sem kort af leiðakerfi. Allir hafi fullan aðgang að upplýsingum um leiðakerfi, tímatöflum og öðrum gögnum. Vegna þessa mótmælir Strætó því að kvartandi hafi ekki aðgang að upplýsingum eða öðru efni á vegum eða í eigu fyrirtækisins.

Þá kemur fram að rangt sé að Auglýsingastofa E. Backman/Vegvísir vinni sína bæklinga á kostnað Strætó eða hljóti til þess verks einkarétt, laun, umbun eða styrki frá Strætó. Fram kemur að bæklingur eða kort Auglýsingastofu E. Backman/Vegvísir hafi ekki verið unnin á nokkurn hátt með niðurgreiðslum eða annarri kostnaðarþátttöku Strætó og því séu rangar þær fullyrðingar að Strætó fari með almannafé með öðrum hætti en ætlast sé til. Þá mótmælir Strætó því að kort af leiðakerfi Strætó séu þau sömu og í bæklingum Auglýsingastofu E. Backman/Vegvísir.



Í bréfi Strætó koma ennfremur fram athugasemdir sem beinast að umfjöllun kvartanda um samskipti hans og Strætó varðandi kortagerð hins fyrrnefnda og aðferðafræði við kortagerð.

2.

Bréf Strætó var sent Hugarflugi til athugasemda með bréfi dags. 5. september 2008. Svar Hugarflugs barst Samkeppniseftirlitinu með bréfi dags. 20. október 2008.

Í bréfi Hugarflugs er ýmsum atriðum sem fram komu í bréfi Strætó frá 11. ágúst 2008 mótmælt sem röngum.

Ítrekað er að kostnaður við gerð leiðakorta þeirra sem Auglýsingastofa E. Backman/Vegvísir gefi út í bæklingum sínum á samkeppnismarkaði sé í raun greiddur af Strætó og þar með sé útgáfan í raun niðurgreidd af almannafé. Ekki sé verið að halda því fram að leiðakort Auglýsingastofu E. Backman/Vegvísir séu í raun gefin út af Strætó og því greidd af almannafé.

Að mati Hugarflugs séu þau kort sem birt eru í útgáfum Strætó þau sömu og finna má í bæklingum Auglýsingastofu E. Backman/Vegvísir og lagði fyrirtækið fram bæklinga og kort máli sínu til stuðnings. Þannig blasi við, að mati kvartanda, að um sömu teikningar sé að ræða í hverju tilfelli fyrir sig.

Þá er ítrekað í bréfi Hugarflugs að kvörtunin beinist ekki að því að Auglýsingastofa E. Backman/Vegvísir vinni bæklinga sína á kostnað Strætó heldur því að leiðakortin séu þau sömu og Auglýsingastofa E. Backman/Vegvísir búi til fyrir Strætó. Þá sé því ekki haldið fram að Strætó kosti útgáfu Auglýsingastofu E. Backman /Vegvísir heldur kortagerðina sjálfa.

Ennfremur er í athugasemdum Hugarflugs fjallað um fyrirmynd leiðakorta Strætó og höfundarrétt þeirra.

3.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 15. desember 2008, var óskað umsagnar Strætó um bréf Hugarflugs, dags. 20. október 2008. Svar barst með bréfi dags. 9. febrúar 2009.

Í bréfi Strætó kemur m.a. fram að engum hafi verið heimiluð útgáfa á kortum eða slíku af leiðakerfi Strætó á hverjum tíma auk þess sem ekki hafi verið leitað eftir leyfi til slíkrar útgáfu. Engum hafi því verið synjað um slíkt leyfi og gildi hið sama fyrir alla um aðgang að upplýsingaefni fyrirtækisins. Af framangreindu leiði að Strætó hafi ekki sýnt af sér neina háttsemi sem samkeppnishamlandi sé. Ekki sé hægt að skilja erindi kvartanda öðruvísi en svo að hann telji að Strætó hafi heimilað einhverjum, jafnvel með einkaleyfi, að nota upplýsingaefni fyrirtækisins en synjað öðrum um slíkt leyfi og/eða aðgang. Allar slíkar ályktanir, skoðanir og fullyrðingar eigi sér enga stoð.



Þá kemur fram að fyrirtækið leyfi ekki að „logo“ Strætó sé notað af öðrum í upplýsingaefni, t.d. leiðakort. Fyrirtækið vilji ekki að upplýsingaefni annarra sé auðkennt með þeim hætti að notendur telji að um efni frá Strætó sé að ræða.

4.

Í bréfi Strætó, dags. 9. febrúar 2009 er ennfremur vikið að atriðum er varða málsmeðferð SE. Þannig var óskað eftir upplýsingum vegna aðildar kvartanda, hvort jafnræðis hafi verið gætt við veitingu fresta og hvernig mat á erindi kvartanda hafi farið fram í ljósi málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005.

Samkeppniseftirlitið tekur fram að aðild að kvörtunarmálinu hefur ekki breyst undir málsrekstri en Hugarflug lagði fram þá kvörtun sem hér er til umfjöllunar og hefur Ingi Gunnar Jóhannsson eigandi fyrirtækisins verið í forsvari fyrir það. Hvað varðar veitingu fresta telur Samkeppniseftirlitið að stofnunin hafi gætt fyllsta jafnræðis málsaðila við þá veitingu.

Hvað varðar mat á erindi kvartanda tekur Samkeppniseftirlitið fram að það var tekið til meðferðar á grundvelli 6. gr. og 11. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Það felur í sér það mat Samkeppniseftirlitsins að þær upplýsingar sem fram komu í erindi kvartanda voru taldar fullnægjandi m.t.t. þeirra krafna til erinda sem gerðar eru í viðauka við reglur um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

III.

Niðurstaða

1.

Kvartandi, í máli þessu, óskar eftir því að Samkeppniseftirlitið taki til skoðunar meinta mismunun Strætó gagnvart einkaaðilum á útgáfumarkaði leiðakorta fyrir erlenda ferðamenn. Strætó leyfi Auglýsingastofu E. Backman/Vegvísi að nota upplýsingaefni í eigin þágu sem Auglýsingastofa E. Backman/Vegvísir hafi unnið fyrir Strætó. Keppinautur kvartanda fái þannig til eigin afnota allt það kynningarefni sem Strætó hafi látið búa til og hagnýti sér það í sínum samkeppnisrekstri. Gefi þessi mismunun og niðurgreiðsla af hálfu Strætó Auglýsingastofu E. Backman/Vegvísi umtalsvert samkeppnisforskot og valdi skekkingu á samkeppnisstöðu sem bitni á fyrirtæki kvartanda og búi auk þess til aðgangshindrun á markaðnum.

Strætó hafnar öllum fullyrðingum Hugarflugs. Fyrirtækið hafi ekki gert nokkuð það sem kvartandi haldi fram, geti ekki stýrt með nokkrum hætti starfsemi einkaaðila og geti því ekki komið í veg fyrir samkeppni sem trufla kvartanda. Engum hafi verið heimiluð útgáfa á kortum eða slíku af leiðakerfi Strætó auk þess sem ekki hafi verið leitað eftir slíku leyfi til slíkrar útgáfu. Hið sama gildi um aðgang að upplýsingaefni fyrirtækisins. Af framangreindu leiði að Strætó hafi ekki sýnt af sér neina háttsemi sem samkeppnishamlandi sé. Ekki sé hægt að skilja kvörtun kvartanda öðruvísi en svo að hann telji að Strætó hafi heimilað einhverjum, jafnvel með einkaleyfi, að nota upplýsingaefni fyrirtækisins en synjað



öðrum um slíkt leyfi og/eða aðgang. Allar slíkar ályktanir, skoðanir og fullyrðingar eigi sér enga stoð.

2.

Samkeppnislögum er m.a. ætlað að vinna gegn því að fyrirtæki í atvinnurekstri skaði með athæfi sínu eða aðgerðum samkeppni á viðkomandi markaði. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. samkeppnislaga taka lögin til hvers konar atvinnustarfsemi svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Hugtakið atvinnurekstur er nánar skilgreint í 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Atvinnurekstur á vegum hins opinbera, ríkis eða sveitarfélaga, fellur almennt séð undir samkeppnislög, sbr. 1. mgr. 2. gr., 8. gr., 14. gr., 16. gr. og 18. gr. laganna. Samkeppnisyfirvöld hafa þannig almennt eftirlit með því hvort athafnir opinberra aðila hamli samkeppni.

Á grundvelli 14. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið gripið til íhlutunar þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar og að hluta til í frjálsri samkeppni. Samkeppniseftirlitinu er heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar milli þess hluta rekstrar sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.

Tvö skilyrði þarf að uppfylla til að ákvæði 14. gr. sé beitt. Annars vegar þarf að sýna fram á að fyrirtæki eða stofnun njóti einkaleyfis eða verndar. Starfsemi sem nýtur hvers kyns opinberra styrkja eða fyrirgreiðslu fellur þar undir. Hins vegar þarf viðkomandi fyrirtæki eða stofnun að starfa í frjálsri samkeppni við einkaaðila.

Í b-lið 16. gr. samkeppnislaga er samkeppnisyfirvöldum veitt heimild til þess að grípa til aðgera gegn athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni, að því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna.

3.

Í 81. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 er sveitarfélögum veitt heimild til samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna m.a. á vettvangi byggðasamlaga. Í 82. gr. er fjallað um stofnun byggðasamlags og segir þar í 5. mgr. að sveitarsjóðir beri einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags sem þeir séu aðilar að en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu.

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar, Seltjarnarneskaupstaðar og sveitarfélagsins Álftaness. Stjórn félagsins er skipuð fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélagi.



Meginhlutverk Strætó er að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna, innan þess fjárhagsramma sem samlaginu er settur. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningssamgangna, ferðapjónusta fatlaðra og ferðapjónusta eldri borgara.

Samkvæmt framangreindu er því ljóst að Strætó bs. telst opinber aðili í skilningi samkeppnislaga.

4.

Í máli þessu heldur kvartandi því fram að Strætó mismuni keppinautum á útgáfumarkaði leiðakorta fyrir erlenda ferðamenn. Mismununin sé fólgin í því að einn aðili á markaði fái sér að kostnaðarlausu til afnota upplýsingaefni og leiðakort sem Strætó hafi látið útbúa fyrir sig. Kvartanda hafi ekki boðist þetta upplýsingaefni fyrir sína útgáfu. Leiðakort Auglýsingastofu E. Backman/Vegvísis séu því í raun gefin út á kostnað Strætó og því greidd af almannafé.

Við rekstur málsins hefur komið fram að Strætó neitar framangreindum fullyrðingum kvartanda. Fyrirtækið hafi ekki veitt neinum aðila aðgang að upplýsingaefni fyrirtækisins með öðrum hætti en þeim að leiðakerfi og tímatöflur eru opinberar upplýsingar og öllum aðgengilegar.

Til að beiting 14. gr. samkeppnislaga komi til greina þarf að vera um opinberan aðila að ræða auk þess sem hluti rekstrar hans þarf að vera í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Fyrir liggur að sú kvörtun sem hér er til umfjöllunar beinist ekki að því að hluti rekstrar Strætó sé í frjálstri samkeppni heldur að aðgerðum Strætó gagnvart fyrirtækjum á markaði. Því kemur ekki til álita að kanna framangreind álitaefni á grundvelli 14. gr. samkeppnislaga.

Með vísan til b-liðar 16. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið gripið til aðgerða gegn athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni að því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna. Að mati Samkeppniseftirlitsins er það grundvallaratriði að aðilar standi sem jafnast að vígi á þeim samkeppnismarkaði sem um ræðir hverju sinni og að þeir hafi sem jöfnust tækifæri.¹ Í því felst m.a. sú skylda opinberra aðila að veita keppinautum samskonar aðgang að upplýsingum og gögnum í eigu hins opinbera aðila. Í framangreindu felst að opinberir aðilar skulu, sé aðila veitt heimild til notkunar á upplýsingum og gögnum í eigu opinbers aðila eða slík notkun látin óátalin, tryggja að keppinautum sé veitt sambærileg heimild óski þeir þess. Ella geta aðgerðir opinberra aðila skekkt samkeppnisstöðu keppinauta og hafa skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi samkeppnislaga.

Eins og rakið hefur verið hér að framan hefur Auglýsingastofa Ernst Backman/Vegvísir haft með höndum gerð leiðakorta strætisvagna fyrir Strætó. Í máli þessu er kvartað yfir því að auglýsingastofan hafi nýtt þessi kort til útgáfu á

¹ Sjá m.a. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 36/2001 *Erindi Hringrásar ehf. vegna samnings Sorpu bs. við Furu ehf. um móttöku á brotamálmi.*



eigin vegum á upplýsingakortum fyrir erlenda ferðamenn. Í þeirri útgáfu starfi Auglýsingastofa Ernst Backman/Vegvísir í samkeppni við kvartanda sem telur að Strætó raski samkeppni þar sem aðrir aðilar hafi ekki aðgang að því efni sem unnið hafi verið fyrir Strætó. Í máli Strætó hefur hins vegar komið fram að byggðasamlagið hafi ekki með neinum hætti styrkt eða kostað útgáfu leiðakorta fyrir erlenda ferðamenn. Fyrirtækið hafi ekki veitt einum aðila aðstoð umfram aðra á markaði fyrir útgáfu leiðakorta fyrir erlenda ferðamenn. Þá hafi Strætó ekki heimilað neinum útgáfu á kortum eða slíku af leiðakerfi fyrirtækisins auk þess sem ekki hafi verið leitað eftir slíku leyfi.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki séu forsendur í máli þessu til að aðhafast á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga enda hafa ekki komið fram gögn í málinu sem sýna að Strætó hafi mismunað aðilum á markaði fyrir útgáfu leiðakorta fyrir erlenda ferðamenn.

IV. Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið lítur svo á að ekki séu forsendur til íhlutunar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson